

Sigurjón Rist
81/06



ORKUSTOFNUN
Vatnsorkudeild

ORKUSTOFNUN
VATNSORKUDEILD

HRAUNVÖTN

Grunnvatnsathuganir

Sigurjón Rist

SR-81/06

Sept. 1981



ORKUSTOFNUN
GRENSÁSVEGI 9, 108 REYKJAVÍK

GREINARGERÐ

HRAUNVÖTN

Grunnvatnsathuganir

Sigurjón Rist

SR-81/06

Sept. 1981

Athuganir á Hraunvötnum hófust 1959.

Vatnamælingar settu fastmerki, FM, við vötnin.

Fastamerkið er járnstöng. Á stöngina er soðið hak, gott sæti fyrir hallamælingastöng. Hakið er sjálft viðmiðunarkerkið. Það er í hæðinni 596,70 m y.s. skv. Landmælingum RARIK (nú OS).

Fastamerkið er við Jökulheimaleið. Vatnamælingar mældu inn vatnsborðs-stöðuna þegar færi gafst. Vatnsborðsstaða Hraunvatna er afar breytileg. Hún var há þegar mælingar hófust en fór síðan lækkandi á kuldaárunum, þ.e.a.s. á vatnsrýru árunum á milli '60 og '70. Athugun Vatnamælinga náði yfir 10 ára tímabil, eða þar til umsvifameiri grunnvatnsmælingar hófust á Tungnaárvæðinu. Á 10-ára tímabilinu kom fram um 5 m vatnsborðsbreyting. Lækkunin var hröðust vatnsárin 61/62 og 62/63 eða nálægt 1,10 m fyrra árið og 1,60 hið síðara. Eftir 1966 tóku vötnin aftur að rísa.

Í Þórisósi var síriti vhm 94. Síðla sumars og á haustin var góð fylgni milli vatnshæðar Hraunvatna og rennslis Þórisóss. Eftirfarandi tafla sýnir náttúrulegt rennsli úr Þórisvatni sem fall af vatnsborðshæð Hraunvatna.

Hæð m y.s.	Rennsli í m ³ /s			
	,0	,25	,50	,75
585	7,0	7,5	8,0	8,4
586	8,8	9,3	9,7	10,1
587	10,5	11,0	11,4	11,8
588	12,3	12,7	13,1	13,6
589	14,0	14,4	14,9	15,3
590	15,7	16,2	16,6	17,0

Þessi tafla gildi ekki í vorleysingum. Þá kom vorfylla í Þórisvatn og lækir féllu utan úr hrauninu til Þórisóss.

81-09-28

Nú 21.p.m. mældi ég vatnsborðsstöðu Hraunvatna við FM, hæð vatnanna reyndist 588,45 m y.s., sem svarar til $13 \text{ m}^3/\text{s}$ skv. töflunni. Frá 2. okt. 1979 hefur vatnsborðið hækkað um 65 cm, þá var það fremur lágt eða 587,80 m y.s. sem svaraði til $12 \text{ m}^3/\text{s}$ rennslis skv. töflunni.

Hinn 6. sept. 1973 voru Hraunvötnin í hæðinni 589,50 m y.s.

Vatnamælingarnar líta svo á að vandfundinn sé sá staður á Tungnaáröræfum, sem gefur betur til kynna ástand og horfur í grunnvatnsmálum, heldur en Hraunvötnin. Vatnamælingar telja því eðlilegt eða öllu heldur áriðandi að vatnsstaðan verði mæld inn við FM kerfisbundið. Verðmætastar eru mælingar síðla sumars og á haustin. Þær mælingar gefa vísbendingu um hvers grunnrennslis vænta megi á eftirfylgjandi vetri. Þá er æskilegt að mæla vatnsstöðuna sem næst mótum vatnsáranna þ.e.a.s. um mánaðamótin ág/sept. og oftast ef grunnvatnssérfræðingar telja ástæðu til.